

Ed.

863. Breytingartillögur

[9. mál]

við frv. til l. um grunnskóla.

Frá Ragnari Arnalds, Steingrími Hermannssyni, Jón Árm. Héðinssyni,
Ásgeiri Bjarnasyni, Auði Auðuns og Hildi Einarsdóttur.

1. Við fyrirsögn I. kafla. Fyrirsögnin verði: Markmið grunnskólans.
2. Við 1. gr. 1. mgr. Í stað orðanna „á nefndum aldri“ komi: á aldrinum 7 til 15 ára.
3. Við 49. gr.
 - a. 1. mgr. orðist svo:

Börnum og unglingum er bæði rétt og skylt að sækja grunnskóla, fái þau ekki hliðstæða kennslu annars staðar, í samræmi við ákvæði 1. gr. um fræðsluskyldu og skólaskyldu, sbr. og 7., 51., 52. og 75. gr. þessara laga.
 - b. Í stað orðsins „skyldunámi“ í 1. másl. 3. mgr. komi: grunnskólanámi.
 - c. 4. mgr. orðist svo:

Nemandi, sem óskar að ljúka grunnskólanámi eftir að hafa horfið frá námi að loknum 8. bekk, á rétt á að fá þátttöku sína í atvinnulífinu metna til jafns við nám í tilteknum valgreinum 9. bekkjar.